

Fundargerð 198. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fjarfundur haldinn fimmtudaginn 12. mars 2020 kl. 14:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Dagný Arnarsdóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsson og Snorri Valsson.

Fjarverandi: Pétur Óskarsson.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 195, 196 og 197.
Undirritun frestað í ljós aðstæðna.
2. Úthlutun úr FF 15.
 - a. Á sameiginlegum fundi þann 9. mars síðastliðin kynntu ferðamálaráðherra og umhverfisráðherra úthlutun ársins 2020 úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og landsáætlun um uppbyggingu innviða.
 - b. Búið er að senda út tölvupóst til allra sem fengu styrk og þá sem ekki fengu styrk.
 - c. Á næstu dögum verða útbúnir og sendir samningar til styrkþega.
3. Vettvangsferð stjórnar.
 - a. Ákveðið hefur verið að fara í vettvangsferð á Norðurland vestra í maí. Nánari dagsetning ekki alveg ákveðin.
4. Lög um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.
 - a. Í umsagnarferli er nú frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Frumvarpið felur í sér tillögu til breytinga á 1. gr. laganna þar sem fram koma markmið og gildissvið þeirra. Lagt er til að uppsetning 1. gr. laganna verði einfölduð og að eitt markmiða þeirra verði að styðja við svæðisbundna þróun og dreifingu ferðamanna um landið sem mun hafa áhrif við mat á umsóknum um styrki. Einnig er lagt til að ferðamannaleiðir verði styrkhæfar. Þá er lagt til að skýr skil verði sett milli Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og landsáætlunar um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum þannig að framkvæmdir á landsáætlun verði ekki styrkhæfar úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.
5. Næsta umsóknarferli.
 - a. Í frumvarpi að breytingum á lögum er þar lagt til að styðja við svæðisbundna þróun og áfangastaðaáætlanir. Því mun þurfa að huga að því í næsta umsóknarferli.

Næstu fundir:

19. mars 2020

26. mars 2020

Fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna



The image shows four handwritten signatures in blue ink, stacked vertically. The signatures are stylized and cursive, typical of personal or official signatures. The first signature is the most prominent and appears to be 'Mann'. The second signature is 'Dóra'. The third signature is 'Keldu'. The fourth signature is 'P. Ólafur'.